

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 14. ágúst 2017
UST201706-322/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi við Kerið í Grímsnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnessýslu er barst 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi við Kerið í Grímsnesi.

Ofangreindu erindi fylgja tveir uppdrættir: tillaga að deiliskipulagi svæðisins og skýringarmynd þar sem sýnilegar eru grunnmyndir áætlaðra þjónustuhúsa. Í erindi skipulagsfulltrúa kemur fram að áætlað er að fjölgla bílastæðum og reisa þjónustuhús á svæðinu.

Skipulagstillaga

Á uppdrætti eru sýnd u.p.b. 50 bílastæði, á því svæði þar sem stæði eru á í dag. Einnig er sýndur ferningur og þar segir að séu möguleg framtíðarbílastæði. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að sýna á uppdrætti þau stæði sem áætlað er að framkvæma og ef ætlunin er að framkvæma svokölluð framtíðarstæði þá ætti að sýna þau sem bílastæði. Einnig kemur fram á uppdrætti að áætlað er að reisa þjónustuhús fyrir starfsmenn og salernishús fyrir gesti svæðisins Kermegin við bílastæðin. Umhverfisstofnun bendir á að áætlaðar framkvæmdir skyggja á náttúruminjar þegar ekið er um Biskupstungnabraut og að bílastæði við Kerið.


Umhverfisstofnun bendir á að ekki er greinargerð með uppdráttunum, og ekki kemur fram rökstuðningur fyrir fjölgun bílastæða.

Náttúruminjar


Kerið og umhverfi þess eru á náttúruminjaskrá og felst verndargildi þeirra í sérstæðum jarðmyndunum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að varlega sé farið í að raska umhverfi svo sérstæðra jarðmyndana og ætti ekki að framkvæma bílastæði nema að þörf sé á þeim. Svæðið sem um ræðir er hluti Þjórsárhrauns og njóta slíkar jarðmyndanir sérstakrar

verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, og ber að forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til. Mikilvægt er að nýta svæði sem þegar eru röskuð ef þess er kostur.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur